

## Styrkur fyrir leiksýningu Fjölbrautaskólans í Garðabæ

Til : Hulda Hauksdóttir  
Frá : leikfelagidverdandi@gmail.com  
CC : Garðabær  
Heiti : Styrkur fyrir leiksýningu Fjölbrautaskólans í Garðabæ  
Málsnúmer : 1701104  
Málsaðili : Verðandi-leikfélag FG  
Skráð dags : 05.01.2017 18:33:36  
Höfundur : leikfelagidverdandi@gmail.com

Sæl veriði,

Við hjá leikfélaginu Verðandi í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ erum nú á fullu að undirbúa og æfa stóra söngleikinn okkar í ár. Í ár tókum við þá ákvörðun að setja upp fræga fjölskyldu ævintýrið Charlie and the chocolate factory (Kalli og súkkulaðiverksmiðjan).

Við völdum að setja þetta verk upp vegna þess að þetta hentar öllum aldurshópum og við getum gert margt skemmtilegt og einstakt við þessa sögu, einnig vegna þess að sagan er falleg og hefur góðan boðskap. Einnig er þetta fyrsta skiptið á Íslandi sem að þessi saga er sett upp á svið, svo að við vitum af, svo að við vonum að þetta leikrit verði eftirsótt.

Leikstjóri verksins er Andrea Ösp Karlsdóttir, leikkona, meðal annars einn af stofnendum leikhópsins Lottu. Baldur Ragnarsson, tónlistarmaður úr skálmöld og ljótu hálfvitunum m.a. semur tónlistina fyrir okkur, en öll löggin í leikritinu eru frumsamin. Textinn við löggin eru saman af Sævari Sigurgeirssyni, textahöfundi. Danshöfundur verksins er Berglind Ýr Karlsdóttir.

Við viljum leggja mikið í sviðsmynd og tækni. Við munum byggja stórt nammiland á sviðið okkar ásamt því þá viljum við sauma og búa til flotta búninga.

Við setum markmiðið hátt í ár og erum við því að safna okkur eins mikinn pening og við getum, þar sem þessi uppsetning verður heldur betur ekki ódýr.

Það sem okkur datt í hug var að gefa unglingadeild í Garðaskóla t.d. frítt á sýninguna eða jafnvel afslátt fyrir börn og foreldra í skólum í Garðabæ eða eitthvað slíkt. Að sjálfsögðu myndum við líka setja Garðabæjar logo-ið á leikskránnar okkar o.s.frv.

Við höfum ekki neina sérstaka upphæð í huga, en eitthvað í kringum 300.000-500.000, eftir því hversu margir árangar myndu fá frítt inná sýninguna okkar. En þið hafið kannski meiri hugmynd um það hvernig þetta hefur verið seinustu ár þegar þið hafið styrkt okkur.

Hlakka til að heyra í ykkur,

Með bestu kveðju,  
Kristjana Ýr Herbertsdóttir